

Foreldrafélag
Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

september 2013

Eftirtaldir mynda stjórn
foreldrafélagsins veturinn
2013-2014

Linda Björk Sigurðardóttir, formaður

Óskar Gunnarsson, varaformaður

Aðalbjörg Skúladóttir, gjaldkeri

Ægir Sigurðsson, ritari

Inga Dóra Ragnarsdóttir

Hanna Rut Samúelsdóttir

Álfheiður Tryggvadóttir

meðstjórnendur/varamenn.

Tenglastarf 2013-2014

Núna standa yfir foreldrakynningar í Sunnulækjarskóla og taka umsjónarkennarar niður nöfn tilvonandi bekkjarfulltrúa fyrir hönd foreldrafélagsins.

Foreldrar sem hafa áhuga á að starfa sem bekkjartengill geta einnig haft samband við umsjónarkennara með tölvupósti eða símleiðis fyrir fundinn.

Um leið og við þökkum kennaranum fyrir þeirra framlag hvetjum við þig til að taka virkan þátt í foreldrastarfinu. Það er minna mál en þú heldur að vera bekkjartengill.

Bestu kveðjur,
stjórn Foreldrafélags Sunnulækjarskóla





Frá 1. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2013-2014




- Rætt um sameiginlega vinnu foreldrafélaga skólanna í sveitarfélaginu. Þorsteinn fræðslustjóri hefur boðað allar stjórnir foreldrafélaganna á sameiginlegan fund 17. sept. í ráðhúsi Árborgar. Hugmyndin er að ræða grundvöll fyrir samstarfi milli foreldrafélaganna. Rætt að beina þeim tilmælum til tengla í Sunnulækjarskóla að gera eitthvað sameiginlegt með hinum skólunum í sveitarfélaginu.

- Ákveðið að fundur stjórnarinnar með tenglum í skólanum verði 1. október. Rætt um hlutverk tengla í vetrarstarfinu. Stjórnin vill koma því á framfæri að tenglar eiga ekki að sjá einir um allt vetrarstarf bekkjanna, gott er að virkja sem flesta foreldra í starfinu og útdeila verkefnum.



- Rætt um nestismál í skólanum, ekki hafa allir foreldrar sama skilning á hollu nesti. Þetta getur stundum valdið vandræðum. Sú hugmynd rædd að senda foreldrum leiðbeiningar og hugmyndir að góðu nesti. Ákveðið að benda skólastjórnendum á að gera þetta. Í framhaldi rætt að setja einhversstaðar upp upplýsingar um sykurinnihald í hinum ýmsu matvörum, t.d. engjabykkni, svala og öðrum vörum.



- Rætt um mikilvægi foreldraröls. Foreldrafélagið vill koma því á í vetur. Hingað til hafa foreldrar barna í 8.-10. bekk séð um foreldrarölt, rætt um það að fá einnig foreldra barna í 7. bekk. Ákveðið að ræða þessa tillögu á sameiginlegum fundi foreldrafélaganna. Þegar foreldraröltið hefur verið skipulagt væri gott að fá skólann til að minna foreldra á þegar þau eiga að mæta.

- Rætt um reglur um hlustun nemenda á tónlist í tímum. Stjórn foreldrafélagsins telur að reglur skólans séu ágætar hvað þetta varðar. Gott væri að útskýra reglur um notkun tækja í tímum fyrir foreldrum.

- Rætt að efla skákáhuga innan skólans. Hugmynd að fá fræðslu og skákkennslu í skólann.

- Rætt um skólaferðalög. Fyrirspurn hefur komið frá foreldri um hvort skólinn hafi hug á að taka þátt í starfi að Reykjum í Hrutafirði. Ákveðið að leggja það fyrir skólastjórnendur.

- Ákveðið að dreifa bæklingi um einelti til allra foreldra í 1. bekk.

- Ákveðið að næsti fundur verði miðvikudaginn 30. Október.

